

**Nd.**

**659. Breytingartillaga**

**[5. mál]**

við frv. til útvarpslaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Mariönnu Friðjónsdóttur.

Á eftir 16. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við Ríkisútvarpið skal komið á fót starfsmannaráði sem er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmannaráðsins á rétt til setu á fundum útvarpsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Um réttindi og skyldur starfsmannaráðs fer að öðru leyti eftir almennum reglum um hliðstæð ráð í opinberum stofnunum.